

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Reyðarfirði



Dags eftirlits	25.9.2013	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Skeljungur	Fulltrúi UST		
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason	ÍSAT nr.	51.51.0	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	725312,177	512055,178

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst við eftirlit. Engin athugasemd er gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Einungis bensín er geymt í stöð Skeljungs hf. á Reyðarfirði. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokkgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, eru fyrirbyggjandi geymar með föstu þaki í olíubirgðastöðvum undanþegnir ákvæðum um gufueyndurnýtingarbúnað.

Stöðin á Reyðarfirði hefur ekki gufusöfnunarbúnað.

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók fyrir stöðina, skráningar og mælingar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar reyndust í lagi.

Bensíngeymirinn er með fastanúmer 217-7450 050101 (stöðvarnúmer 751-B201) og er 580 m³, byggður árið 1979. Hann var botnþykktarmældur árið 2008.

Bensínlögn á bryggju var þrýstiprófuð árið 2010. Afgreiðslulögn í dæluhús liggur tvisvar í gegnum þróarvegg og er tjöruborði límdur utan á lögnina.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni. Geymir skoðaður svo og þró. Þróin er ekki með niðurfalli og því er undantöppun í lokuðu kerfi.

Nýtt áfyllingarplan er í stöðinni og frárennsli af því fer í nýja olíuskilju. Krafa í starfsleyfi er um mælingu á olíuleifum (bensínleifum) í fráveituvatni stöðvarinnar á þriggja ára fresti. Næst 2014.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Girðingar og hlið voru í góðu lagi og stöðin snyrtileg ásýndar.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd er gerð við olíubirgðastöðina.

Reykjavík, 01.11.2013

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.